

## Mælingar kynbótahrossa


Þegar hross koma til kynbótadóms eru þau mæld og eru skrokkmálin ellefu eins og sést á meðfylgjandi mynd. Tilgangur mælinganna er að fylgjast með þróun í stærð og hlutföllum íslenska hestsins. Þá eru þau höfð til hliðsjónar við mat á byggingu hrossa en mælingarnar gefa mynd af til dæmis framhæð hestsins, baklínu, fótahæð og formi lendar. Það er mikilvægt að vel sé að mælingum staðið og þær séu sambærilegar á milli sýninga. Þess vegna þurfa hver þau sem mæla hross að fá kennslu um mælipunkta og góða þjálfun í mælingum áður en byrjað er að starfa á sýningum. Öryggi mælinga eða áreiðanleika er hægt að meta með svokölluðu tvímælingagildi (0-100%) en það segir til um hversu mikil líkindi eru á milli endurtekinnna mælinga á sama hrossi.

Síðastliðin sex sýningarár (2018-2023) hafa verið gerðar 8.130 mælingar á 4.203 hrossum á Íslandi, svo sum hrossin hafa verið mæld oftari en einu sinni á mismunandi sýningum. Í meðfylgjandi töflu má sjá meðaltal og breytileika skrokkmálanna yfir þetta tímabil og einnig tvímælingagildi hvorrar mælingar. Það er talað um að tvímælingagildi sé hátt ef það er 70% eða hærra, og því hærra sem það er því líkari eru málin sem borin eru saman. Reyndin er sú með öll skrokkmál síðastliðin sex ár að tvímælingagildi þeirra er á bilinu 70% - 99% að undanskildu einu máli, sem er *Breidd lærleggstoppa*. Tvímælingagildi skrokkmálanna er því almennt mjög hátt. Eitt hæsta tvímælingagildið hefur málið *Hæð á herðar* eða 96%, sem segir að það er afar áreiðanleg mæling. Þá eru flest öll skrokkmálin með yfir 80% tvímælingargildi. Lægsta tvímælingagildið hefur málið *Brejóstdýpt* heldur lægra en á flestum öðrum skrokkmálunum og er það eitthvað sem vert er að skoða þó tvímælingagildi þess sé viðunandi.

Það eru dæmi um hross sem mælast töluvert mismunandi á milli sýninga enda er verið að mæla lifandi veru. Þá sjáum við einnig nokkurn breytileika á milli mælinga en hann er þó almennt fremur lítill eins og niðurstöðurnar sýna. Þar eru nokkrir þættir sem skipta eflaust máli, t.d. uppstilling hrossa og breyting á hrossinu sjálfu (það er til dæmis að stækka og eflast). Þessar niðurstöður sýna engu að síður að mælingafólk á Íslandi hefur verið og er almennt að mæla hross sem koma til kynbótasýninga á mjög samræmdan hátt.

## Mælingar kynbótahrossa

Mælipáttur	Meðaltal	Staðalfrávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Tvímælingagildi
Hæð á herðar – M1	142,4	3,2	131	157	<b>96%</b>
Hæð á bak – M2	131,7	3,0	119	145	<b>89%</b>
Hæð á lend – M3	137,6	2,8	126	149	<b>84%</b>
Brjóstdýpt – M4	64,7	1,9	56	72	<b>70%</b>
Lengd – M5	142,8	3,0	129	155	<b>78%</b>
Breidd um brjóst – M6	36,6	1,7	30	48	<b>81%</b>
Breidd um mjaðmahorn – M7	48,1	1,8	40	59	<b>86%</b>
Breidd um lærleggstoppa – M8	43,9	1,7	32	51	<b>63%</b>
Breidd leggjar – M9	6,4	0,3	4,6	8,9	<b>85%</b>
Ummál hnés – M10	28,5	1,5	22,5	34	<b>99%</b>
Ummál leggjar – M11	18,0	0,9	12	22	<b>87%</b>



Mynd sem sýnir mælipunkta í kynbótadómi – heiti þeirra kemur fram í töflunni.